

# VESTURSVÆÐI

## FRÉTTABRÉF, HAUST 2013

Norðan Kamba ©Snorri Baldursson

### FYLGIT ÚR HLÆÐI

**Markmið þessa fréttabréfs er að upplýsa um starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs, vestursvæði, og vekja athygli á starfinu fram undan.**

Hálendisvegir voru ruddir fremur seint vorið 2013 og tíðarfarið í sumar var á heildina litið heldur í lakara lagi. Um það skrifuðu landverðir í Lakagígum: „Sumarið var [...] vætusamt. Um miðbik júlí fengum við fimm góðviðrisdaga í röð. Lengra varð sumarið ekki.“ Svipaða sögu af tíðarfari mátti segja víðar af hálendinu vestan jökuls. Veðrið hafði vafalítið þau áhrif að fjöldi ferðamanna stóð að mestu í stað á þessum svæðum miðað við síðasta ár, þrátt fyrir mikla fjölgun á landsvísu.

Sumarstarfið gekk vel þegar á heildina er litið, engin slys á fólki og lítið um óhöpp. Nokkur alvarleg tilvik um utanvegaakstur komu þó upp og virðist ganga illa að stemma stigu við þeim ófögnuði. Fyrirkomulag landvörslu var með sama sniði og undanfarin ár. Alls tíu landverðir sinntu sjö stöðugildum í Blágiljum, Hólaskjóli, Nýjadal og á Kirkjubæjarklaustri.

Af framkvæmdum bar hæst byggingu viðveruhúss fyrir landverði í Eldgjá og endanlegan frágang mannvirkja í Lakagígum. Bygging salernishúss í Eldgjá og útsýnispalls við Ófærufoss frestast til næsta vors.

Fjárlagafrumvarpið fyrir 2014 olli miklum vonbrigðum. Þar var staðfest að 290 m. kr. fjárveiting, sem ætluð var til fyrsta áfanga byggingar þekkingarseturs, og þar með gestastofu þjóðgarðsins á Kirkjubæjarklaustri, hefði verið felld niður. Jafnframt er í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir 100 m. kr. niðurskurði á framkvæmdafé þjóðgarðsins. Þegar þetta er skrifað er ekki ljóst hvort þessi áform gangi að einhverju leyti til baka í umfjöllun Alþingis. Hitt er víst að verði frumvarpið að lögum óbreytt að þessu leyti mun hægja verulega á uppbyggingu í þjóðgarðinum á næsta ári.

**Snorri Baldursson**  
*þjóðgarðsvörður*

## LANDVARSLA OG FRÆÐSLA

Sjö stöður landvarða á vestursvæði voru skipaðar alls tíu einstaklingum í sumar. Auður Hafstað Ármannsdóttir hafði umsjón með Skaftárstofu – upplýsingamiðstöð frá maílokum fram í miðjan september, Halla Tinna Arnardóttir, Anna Guðrún Aradóttir og Þórður Sævar Jónsson störfuðu sem landverðir í Lakagígum á tímabilinu 17. júní til 5. september, Þórður Reynisson, Þorbjörg Ása Jónsdóttir og Jóna Guðný Eyjólfsdóttir mönnuðu Hólaskjól frá 2. júní til 8. september, og Gunnar Njálsson, Gunnar Gunnarsson og Guðmundur Árnason sinntu landvörslu í Hrauneyjum og Nýjadal á tímabilinu 9. júní til 31. september. Halla Tinna starfaði skemur hjá Þjóðgarðinum en ráð var fyrir gert þar sem henni bauðst starf hjá fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York.

Veggspjöld á sýningu þjóðgarðsins í Skaftárstofu voru endurnýjuð í vor og ný stuttmynd um vestursvæði þjóðgarðsins frumsýnd 8. júní í tilefni af fimm ára afmæli þjóðgarðsins og því að þá voru 230 ár liðin frá upphafi Skaftárelda. Af því tilefni flutti Þorvaldur Þórðarson prófessor erindi um Skaftárelda þar sem hann rakti nýlegar rannsóknir á umfangi þeirra og afleiðingum. Sama dag var einnig opnuð við Skaftárstofu útisýning á ljósmyndum sem Snorri Baldursson hefur tekið í Lakagígum og nágrenni.

Þátttaka í fræðsludagskrá landvarða í sumar olli nokkrum vonbrigðum og er einsýnt að endurskoða þarf dagskrána fyrir næsta sumar.



*Kári Kristjánsson stendur á því svæði þar sem mosabætur voru teknar.*

*Villuslóði lagfærður með mosabótum.*





## FRAMKVÆMDIR

Í sumar var lokið var við smíði palla og skjólveggja við áningaraðstöðu ferðamanna við Tjarnargíg. Pallurinn tengir saman salerni og viðveruhús sem áður stóð við Laka. Breytt skipulag hefur gefið góða raun. Við Laka er nú komin góð áningaraðstaða fyrir ferðamenn með fullkominni hreinlætisaðstöðu, stóru og rúmgöðu bifreiðastæði og betri gönguleið upp á fjallið en áður var. Nýja gönguleiðin gefur mun fegurra útsýni til beggja átta eftir gígaröðinni, ásamt nýrri og sérstæðri sýn á jarðfræði Laka sjálfs.

Í Eldgjá var gestamóttaka og viðveruhús fyrir landverði sett niður á jaðri bílastæðisins. Þar var einnig grafin niður rotþró til undirbúnings fyrir nýtt salernishús sem kemur næsta vor. Jafnframt var gerður varnargarður til að varna því að Nyrðri-Ófæra flæði að húsunum og grafi undan þeim.

Sex hópar erlendra sjálfbóðaliða á vegum British Trust for Conservation Volunteers (BTCV) dvöldust í jafnmargar vikur á vestursvæði þjóðgarðsins og létu til sín taka. Meðal verkefna voru mosaviðgerðir á aflögðum stígum í Lakagígum, lagfæringar á göngustígnum upp á Laka að vestanverðu, upp á austurbarm Eldgjár og upp á Sveinstind. Í brattlendi í Eldgjá og utan í Sveinstindi hafa verið notuð stálþrep í tröppustíga. Stálþrepin, sem Róbert Sigurjónsson hannaði og stálsmiðjan Tækni hefur framleitt, hafa gefið góða raun. Stálið fellur að mörgu leyti betur að vikurjarðvegi vesturhálandisins en timbur og þrepin eru auðveld í notkun.

Þjóðgarðurinn hefur átt í samstarfi við Landvernd um átak til að fræða almenna ferðamenn um eðli háhitasvæða og viðkvæma náttúru þeirra. Í þeim tilgangi voru sett upp þrjú fræðsluskilti við helstu inngönguleiðir í Vonarskarð, þ.e. í Nýjadal, efst í Gjóstuklifi og við Svarthöfða.

Í síðasta fréttabréfi var sagt frá því að viljrði hefði fengist fyrir styrk (u.þ.b. 120 m. kr.) úr IPA-áætlun Evrópusambandsins sem þjóðir í umsóknar- og aðildarferli geta sótt til. Verkefnið miðaði að því að bæta aðgengi að þjóðgarðinum í samstarfi við nágrannabyggðir og átti hluti styrkfjárins að renna til hönnunar á stíga- og pallalausnum sem henta í viðkvæmum eldfjallajarðvegi eins og er að finna í Eldgjá.

Snemmsumars varð ljóst að ekkert yrði af styrkveitingunni vegna þess hlés sem gert hefur verið á aðildarumsókn Íslands að Evrópubandalaginu. Á móti kemur að þjóðgarðurinn fékk styrk úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða til hönnunar og smíði útsýnispalls við Ófærafoss í Eldgjá.

Arkís arkitektar hafa í samvinnu við Landform landslagsarkitekta og Verkfræðistofu Suðurlands unnið að hönnun pallsins í sumar og haust. Fyrirhugað er að smíða pallinn í vetur og koma honum fyrir við efri fossinn næsta vor. Markmiðið með útsýnispalli við Ófærafoss er að draga ferðamenn að einum ákveðnum útsýnisstað svo hlífa megi öðrum stöðum sem hafa látið á sjá vegna ágangs. Fyrirhugað var að bora fyrir undirstöðum nú í haust en það náðist ekki.



Áningaraðstaða ferðamanna við Tjarnargíg.

©Snorri Baldursson



Sjálfbóðaliðar að störfum á Laka.

©Snorri Baldursson



Viðveruhús fyrir landverði sett niður í Eldgjá.

©Snorri Baldursson

## REKSTUR SKÁLA Á AFRÉTTI SÍÐUMANNA

Vatnajökulsþjóðgarður hefur gert samning við Skaftárhrepp til fimm ára um rekstur skálanna í Blágiljum, Hrossatungum og Leiðólfsfelli ásamt tilheyrandi aðstöðu. Samkvæmt samningnum greiðir þjóðgarðurinn allan kostnað sem til fellur vegna reksturs skálanna og tekur að sér minniháttar endurbætur og viðhald á húsakosti og umhverfi. Sé talin þörf á frekari uppbyggingu verður það aðeins gert í samráði við Skaftárhrepp og sérstakur samningur gerður þar um. Á samningstímanum sér Vatnajökulsþjóðgarður um útleigu og bókanir

í skála og tjaldsvæði og fær Skaftárhreppur í sinn hlut 10% af leigutekjum sem til falla á samningstímanum.

Í vor var skipt um allar dýnur í skálanum í Blágiljum, keypt nýtt leirtau og eldhúsáhöld og sturtuaðstaða bætt. Næsta vor er stefnt að því að útbúa skálann í Hrossatungum þannig að hægt sé að beina hrossaferðum þangað en hafa skálann í Blágiljum fyrir ferðamenn sem ferðast um á bílum, hjólum eða tveimur jafnfljótum.

## BREYTINGAR Á SVÆÐISRÁÐI

Elín Heiða Valsdóttir, sem starfað hefur sem formaður svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs frá árinu 2007, hefur ákveðið að yfirgefa þann vettvang frá og með áramótum 2013–2014. Fulltrúi Skaftárhrepps í svæðisráði verður Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri. Starfsmenn þjóðgarðsins á vestursvæði þakka Elínu Heiðu farsæl störf og góða kynningu og bjóða jafnframt Eygló velkomna til starfa.

